

107. fundur stjórnar Fns. í Fjölheimum 25. september 2013.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Skýrsla Bjarna H. Ásbjörnssonar um samstarfsgrunn og skipulag Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands.

Skýrslan var rædd. Stjórn mun vinna áfram með skýrsluna og efni hennar og taka ákvörðun um það hvernig þær ábendingar sem fram koma verða nýttar til að þróa starfsemina.

2. Önnur mál
 - a. Samskipti við Nýheima á Höfn halda áfram og áform um inngöngu þeirra í Fræðslunetið um áramótin næstu hafa ekki breyst. Von er á formlegri umsókn næstu daga.
 - b. Tvær kennslubækur hafa verið sendar til þróunarsjóðs framhaldsfræðslu. Styrkir fengust hjá sjóðnum til bókaskrifanna og er nú samningu þeirra lokið. Þetta eru bækurnar *Járningar og hófhirða* eftir Sigurð Torfa Sigurðarson og *A Job to be done*, kennslubók í ensku eftir Jónu Katrínu Hilmarsdóttur.
 - c. Sameiginleg ráðstefna með fræðslumiðstöðinni á Suðurnesjum um nám án aðgreiningar verður haldin 3. október nk.

Fundi slitið kl. 17.30